**149. löggjafarþing 2018–2019.**
**Þingskjal 1386 — 690. mál.**

# Svar

**forsætisráðherra við fyrirspurn frá Álfheiði Eymarsdóttur um kostnað ráðuneytisins og undirstofnana þess vegna kaupa og notkunar á Microsoft-hugbúnaði.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:
*Hversu miklum fjármunum hefur verið ráðstafað árlega undanfarin fimm ár í leyfisgjöld til Microsoft vegna nota af hugbúnaði og stýrikerfum í ráðuneytinu og undirstofnunum þess? Svar óskast sundurliðað fyrir ráðuneytið og hverja undirstofnun og jafnframt eftir leyfum vegna Windows-stýrikerfa, leyfum vegna Microsoft Office-hugbúnaðarsvítu og leyfum vegna annars hugbúnaðar frá Microsoft.*

Í meðfylgjandi töflu er að finna upplýsingar um greiddan kostnað ráðuneytisins og stofnana sem undir það heyra á árunum 2014–2018 vegna kaupa og notkunar á Microsoft-hugbúnaði. Fram til ársins 2017 voru eignaleyfi keypt vegna notkunar á Microsoft Office-hugbúnaði, í tilviki ráðuneytisins, óbyggðanefndar og ríkislögmanns, en frá 2017 hafa leyfisgjöld verið greidd samkvæmt samningi Rekstrarfélags Stjórnarráðsins við Microsoft, svonefndur Microsoft E3-samningur. Í tilviki umboðsmanns barna voru eignaleyfi í notkun til ársins 2018. Leyfi til notkunar á Windows-stýrikerfinu fylgir PC-tölvum sem keyptar hafa verið, svokölluð OEM-leyfi, og er almennt ekki greitt sérstaklega fyrir þau.

**Forsætisráðuneytið**

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| Microsoft Office | 2.504.127 | 2.586.478 | 49.220 | 361.042 | 21.514 |

**Óbyggðanefnd**

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| Microsoft Office | 197.411 | 180.928 | - | - | - |

**Ríkislögmaður**

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| Microsoft Office | 399.970 | 407.088 | - | - | - |

**Umboðsmaður barna**

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| Microsoft Office | 186.615 | - | - | - | - |

**Hagstofa Íslands**

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| Microsoft Office | 2.372.112 | 1.608.566 | 1.456.142 | 1.861.597 | 1.965.754 |
| Annar Microsoft hugbúnaður | | 4.343.002 | 3.763.980 | 5.336.622 | 5.365.607 |

**Jafnréttisstofa**

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| Microsoft Office | 269.098 | 314.858 | 284.832 | 307.351 | 314.858 |
| Annar Microsoft hugbúnaður | 119.156 | 147.648 | 129.192 | 143.034 | 147.648 |

**Seðlabanki Íslands**

| | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|
| Microsoft Office | 7.009.000 | 7.821.609 | 5.832.934 | 6.362.118 | 6.663.038 |
| Annar Microsoft hugbúnaður | 8.423.590 | 7.864.052 | 7.504.428 | 7.851.587 | 7.127.107 |